

Miðvikudagurinn 23. maí 2001
166. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 14/2001

**Kvörtun Snerpu ehf. gegn Landssíma Íslands hf.
vegna Internetsþjónustu á breiðbandi**

I.

Erindið

Samkeppnisstofnun barst erindi frá Snerpu ehf., dags. 29. október 1998, þar sem gerðar voru athugasemdir vegna Internetsþjónustu Landssíma Íslands hf. (nú Símanum-Internet). Í kjölfar þessa sendi Samkeppnisstofnun Landssímanum bréf, dags. 19. nóvember 1998, þar sem erindi Snerpu var rakið og óskað eftir upplýsingum vegna þess.

Í erindi Snerpu var óskað eftir því að Samkeppnisstofnun kannaði hvort aðgangur Internetsþjónustuaðila að breiðbandi Landssímans væri veittur á jafnræðisgrundvelli við Símann-Internet. Nánar tiltekið var átt við hvort aðrir aðilar en Síminn-Internet hefðu aðgang að breiðbandi Landssímans til að veita þar Internetsþjónustu, hvort Símanum-Internet hefði verið veitt einhvers konar forskot á keppinauta með aðgangi að upplýsingum um Internetsþjónustu á breiðbandi o.fl.

Í erindi Snerpu var vísað til blaðaauglýsinga frá Breiðvarpi Landssímans þar sem kostir Internetstenginga á breiðbandi voru raktir. Með vísan til þeirra var m.a. óskað eftir upplýsingum um hvort öðrum en Símanum-Internet hefði verið boðið að taka þátt í tilraunum með uppsetningar Internetssambanda yfir breiðband eða kynntar slíkar fyrirætlanir.

Þá var óskað eftir upplýsingum um hvort Landssíminn hefði samið og birt gjaldskrá yfir kostnaðarliði við tengingar bandbreiðra kerfa eins og sk. „Broadband Network Hub“ í Múlastöð eða um leigðar línur að móðurstöð breiðbandsins í Múlastöð. Einnig var óskað eftir upplýsingum um hvort til væru eða hvort fyrirhugaðar væru fleiri móðurstöðvar í breiðbandskerfinu í

framtíðinni. Loks var óskað eftir upplýsingum um hvort Síminn-Internet greiddi Landssímanum fyrir þá kostnaðarliði sem að framan eru nefndir.

II. Málsmeðferð

1.

Umsögn Landssímans vegna erindis Snerpu barst Samkeppnisstofnun með bréfi, dags. 10. október 1998. Þar kom fram að aðgangur að breiðbandi Landssímans stæði öllum Internetsþjónustuaðilum til boða á jafnræðisgrundvelli.

Vegna blaðaauglýsingar Breiðvarps Landssímans var tekið fram að þar hefði verið kynnt að innan tíðar stæði til boða aðgangur að hraðvirku Interneti á breiðbandi. Eðli málsins samkvæmt hefðu þeir, sem unnu að undirbúningi og rannsóknum á þessari nýju tækni, vitað hvenær umrædd þjónusta myndi verða í boði. Undirbúningsprófanir vegna þessarar tækni hefðu hafist í byrjun árs 1998. Um sé að ræða alþjóðlega tækni sem sé boðin víða erlendis á kapalkerfum. Engin leynd hefði hvílt yfir þessari tækni og hver sem er hefði getað óskað eftir að prófa þessa tækni á breiðbandinu en hin tæknilega lausn byggji í aðalatriðum á svonefndum „Hub“ í móðurstöð og kapalmótaldi sem notandinn kaupir. Hvort tveggja sé lagervara hjá fjölda framleiðenda í Evrópu og Bandaríkjunum.

Þá segir að tæknilega virki lausnin þannig að hver Internetsþjónustuaðili þurfi að nýta eina sjónvarpsrás á breiðbandinu fyrir þennan flutning og sé samnýting rása milli þjónustuaðila mjög erfið af tæknilegum ástæðum. Ef öðrum aðilum væri hleypt inn á gáttina fyrir hinn sk. „Hub“ væri um leið búið að tengja saman net ólíkra þjónustuaðila án þess að hægt væri að greina þar á milli. Slíkt fyrirkomulag geti ekki hentað samkeppnisaðilum.

Í umsögn Landssímans segir að áður en fyrsta auglýsingin hafi verið birt um Internetsþjónustu á breiðbandi hafi öðrum aðilum en Símanum-Internet ekki verið boðið sérstaklega að tengjast breiðbandinu með þessum hætti. Í því sambandi mætti nefna að fleiri en Internetsþjónustuaðilar kynnu að hafa áhuga á að veita slíka þjónustu og gæti orðið torvelt að gera sér grein fyrir öllum sem kynnu að hafa slíkan áhuga.

Þá segir að breiðbandið sé framtíðarfjarskiptakerfi Landssímans. Eftir að ráðist hafi verið í þá umfangsmiklu fjárfestingu sem breiðbandið sé hefði átt sér stað mikil hugmyndavinna innan fyrirtækisins um hvernig nýta megi breiðbandið sem best í samræmi við markmið um hagkvæma nýtingu framleiðsluþátta. Tilraunir hafi hafist til að kanna hvort hægt væri að bjóða upp á framangreinda alþjóðlegu tækni á íslenska breiðbandinu. Eftir að ljóst varð að breiðbandið gæti borið umrædda tækni hefði það verið kynnt í blöðum.

Vitað sé að Snerpa hefði leitað upplýsinga um aðgengi að breiðbandinu og fengið svör um hvað þyrfti til í því sambandi enda hefði legið fyrir áður en farið var af stað með þjónustuna að hver þjónustuaðili þyrfti að reka sinn eigin „Hub“ og skila flutningsstraumi í móðurstöð breiðbandsins í Múla. Þá hafi jafnframt verið svarað erindum frá Hringiðunni og Internetsþjónustunni Tölvun í Vestmannaeyjum.

Vegna fyrirspurnar um gjaldskrá er upplýst að gjaldskrá hefði verið samin fyrir aðgang að fjarskiptanetinu. Þar sé miðað við að Internetsþjónustuaðilinn, þ.m.t. Síminn-Internet, greiði kr. 500 á mánuði fyrir hverja notendatengingu. Gjald fyrir leigulínur fari eftir gjaldskrá Landssímans. Þá sé BNH (Broadband Network Hub) til sölu hjá ýmsum erlendum framleiðendum. Verðið fari eftir stærð og eiginleikum. Landssíminn hafi aldrei haft slíkan búnað til sölu. Síminn-Internet hafi fjárfest í BNH og standi straum af rekstri hans.

Loks segir að ekki liggi fyrir fastmótaðar áætlanir hjá Landssímanum um hvort settir verði upp fleiri BNH fyrir Internetsþjónustu eða aðra stafræna þjónustu. Augljóst sé hins vegar að tækniþróun sé ör og Landssíminn muni fylgjast náið með nýjungum sem kynnu að henta íslenskum neytendum. Internetsþjónustuaðilar hafi jafnan aðgang að því að setja upp BNH á breiðbandinu.

2.

Samkeppnisstofnun sendi Snerpu umsögn Landssímans með bréfi, dags. 21. desember 1998, og gaf kost á athugasendum.

Athugasemdir Snerpu bárust Samkeppnisstofnun með tölvupósti, dags. 11. janúar 1999. Þar segir að kvörtun Snerpu snúi annars vegar að villandi orðalagi í auglýsingum um breiðbandsþjónustu Landssímans og hins vegar að skekktri samkeppnisstöðu Snerpu gagnvart Símanum-Internet.

Hvað varði fyrra umkvörtunarefnið þá hafi mátt skilja auglýsingar Breiðvarps Landssímans svo, samkvæmt orðalagi þeirra, að nákvæm tímasetning á því hvenær unnt yrði að bjóða Internetsþjónustu á breiðbandi lægi ekki fyrir. Af athugasemdum Landssímans megi hins vegar ráða að þær upplýsingar hafi legið fyrir um langan tíma þar sem prófanir á tækninni hefðu staðið yfir frá ársbyrjun 1998. Með þessu hafi Landssíminn brotið gegn beinum fyrirmælum samkeppnisráðs í ákvörðun nr. 21/1998, Breiðband Landssíma Íslands, sbr. lið III.1 í ákvörðunarorðum. Snerpa krefst þess að refsíúrræðum verði beitt gegn Landssímanum enda sé ljóst að Landssíminn hafi haldið því leyndu fyrir keppinautum Símans-Internet að unnt yrði að bjóða Internetsþjónustu á breiðbandi þar til mjög skömmu áður en Síminn-Internet hafi boðið hana.

Þá segir að svör Landssímans vegna síðari liðs kvörtunar Snerpu bendi einnig til þess að Landssíminn hafi með ólögnum hætti skekkt samkeppnisstöðu Snerpu verulega hvað varði forskot á markaði og einnig með því að gefa ekki skýr svör við spurningum Snerpu og annarra, m.a. um kostnað við að veita þjónustuna og fleira. Ljóst sé af svörunum að Snerpa eða aðrir samkeppnisaðilar Símans-Internet hafi verið settir a.m.k. 8 mánuðum á eftir Símanum-Internet í því að geta boðið þjónustuna. Samkvæmt svörum Landssímans hefði það tekið 8 mánuði frá því að prófanir hófust á þjónustunni þar til Síminn-Internet hóf að bjóða hana til sölu. Eðlilegt sé að áætla að það taki svipaðan tíma fyrir keppinauta Símans-Internet að bjóða þjónustuna en allt eins sé líklegt að þeir telji það ekki fyrirhafnarinnar virði þar sem Landssíminn gefi ekki skýr svör við spurningum um kostnað við að veita þjónustuna.

Þá segir að Landssíminn gefi ekki upp hverjir séu „valdir notendur“ sem hafi verið boðin þátttaka í prófunum en allt bendi til þess að þar sé einungis um að ræða Símann-Internet og nokkra viðskiptavini hans eða starfsmenn þar sem annarra sé hvergi getið í þeim svörum er lúti að því hvaða netþjónustur hafi falast eftir upplýsingum. Landssíminn haldi því fram að engin leynd hvíli yfir tækninni sem sé rétt en útúrsnúningur að því leyti að prófanir á tækninni á íslenska breiðbandinu hafi farið fram með leynd enda engum öðrum en Símanum-Internet boðið að taka þátt í þeim. Síðan segir:

„Með þessu hefur Landssími Íslands beinlínis hindrað [keppinauta] Símans-Internet í að veita virðisaukandi þjónustu á breiðbandinu og bitur svo höfuðið af skömminni með því að fullyrða í fréttatilkynningu, dags. 16. október 1998, þegar þjónustan er kynnt að: „Öll fyrirtæki sem bjóða Internetsþjónustu hafa möguleika á að tengjast breiðbandinu og veita notendum sínum á höfuðborgarsvæðinu þessa þjónustu ef þau svo kjósa.“ ... Öll þessi fyrirtæki

eru u.p.b. á þessum degi fyrst að fréttu af því að mögulegt sé að veita þjónustuna. Það á eftir að taka 8 mánuði í viðbót að geta auglýst að hún sé tilbúin! Landssími Íslands villir þannig einnig um fyrir neytendum með því að gefa í skyn að öðrum netþjónustum en Símanum-Internet sé í lófa lagið að hefja þjónustuna hvenær sem þeim henti!“

Þá komi það fyrst fram í svari Landssímans til Samkeppnisstofnunar að viðkomandi netþjónusta þurfi að nýta eina sjónvarpsrás á breiðbandinu til að senda efni inn á það. Á þetta sé ekki minnst einu orði í bréfasamskiptum milli Landssímans og þeirra þriggja netþjónustufyrirtækja sem óskuðu eftir upplýsingum um hvernig mætti veita Internetsþjónustu á breiðbandi. Raunar sé þessi fullyrðing vafasöm þar sem „sjónvarpsrásin“ þurfi ekki að flytjast frá netþjónustu að móðurstöð breiðbandsins, heldur sé hægt að flytja TCP/IP umferð frá netþjónustu að BNH sem sendi síðan sjónvarpsrásina inn á móðurstöð breiðbandsins. Lengd sjónvarpskapalsins, sem flytji umrædda sjónvarpsrás, geti þannig numið nokkrum metrum ef BNH sé staðsettur í kjallara Múlastöðvar. Samnýting á BNH ætti ekki heldur að vera neitt vandamál ef Breiðbandsþjónusta Landssímans sæi um rekstur hans en ekki Síminn-Internet.

Þá segir að staðfest sé að öðrum aðilum en Símanum-Internet hafi ekki verið „sérstaklega boðið að tengjast breiðbandinu með þessum hætti“, eins og það sé orðað. Ætla megi að rétt sé að engum hafi yfirleitt verið boðið það. Með þessu sýni Landssíminn harðan brotavilja gagnvart þeim forsendum sem lýst sé á bls. 51 í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 41/1997, Tilboð Pósts og síma hf. á farsímunum og farsímaþjónustu til félaga í FÍB. Er þess krafist af hálfu Snerpu að Landssímanum verði refsað fyrir þessa hegðun sem brjóti svo greinilega gegn samkeppnishagsmunum Snerpu og anda samkeppnislaga.

Þá sé ljóst af tölvupóstsamskiptum Landssímans við keppinauta Símans-Internet að Landssíminn gefi ekki skýr svör við fyrirspurnum um nauðsynlegar aðgerðir, búnað og kostnað við að veita Internetsþjónustu á breiðbandi og dragi þar með úr áhuga keppinauta á að veita slíka þjónustu. Einnig megi af framangreindum samskiptum sjá að Landssíminn hafi hundsáð kröfu Snerpu um að fyrirtækinu verði veittur aðgangur að gögnum sem liggja fyrir varðandi tilraunaútsendingar á breiðbandi.

Að mati Snerpu sé einnig ljóst af svörum Landssímans að Síminn-Internet greiði ekki fyrir flutning á gögnum að móðurstöð breiðbandsins heldur sé þess

getið að gjald fyrir leigulínur fari eftir gjaldskrá Landssímans. Þetta sé kallað hvít lygi og er þess krafist af hálfu Snerpu að Landssíminn framvísi reikningum sem gefnir hafi verið út á Símann-Internet vegna gagnalína sem liggja frá móðurstöð breiðbandsins og upp á þriðju hæð, eins og það er orðað. Samkvæmt gjaldskrá Landssímans ætti Símann-Internet að greiða fyrir 2 km. línur, bæði vegna tengingar við útlandalínu Landssímans og einnig vegna „sjónvarpsrásar“ sömu leið. Segir að áður en útlandagátt Landssímans hafi verið flutt frá Landsímahúsinu við Austurvöll hefði Símanum-Internet borið að greiða fyrir línu undir gagnaflutning vegna útlandagátta á milli Múlastöðvar og Landssímahússins. Er þess krafist að Landssíminn framvísi reikningum vegna þessa þar sem fram komi um hvaða línur sé að ræða, sýnt sé fram á að þeir hafi yfirleitt verið gefnir út og innheimtir í samræmi við viðeigandi virðisaukaskattstímabil.

Í athugasemdum Snerpu segir að svar Landssímans við fyrirspurn um hvort til séu eða hvort fyrirhugaðar séu fleiri móðurstöðvar í breiðbandskerfinu í framtíðinni sé útúrslúningur enda sé ekki verið að spyrja um BNH heldur þá stöð sem hann tengist.

Þá vekur athygli að þegar netþjónustunni Hringiðunni sé svarað í tölvupósti, vegna fyrirspurnar fyrirtækisins um Internetsþjónustu á breiðbandi, sé afrit af svarinu sent til gagnflutningsdeildar en hún sé einnig nefnd hér Símann-Internet. Þannig séu viðskiptalegar ákvarðanir keppinautar Símanns-Internet kynntar Símanum-Internet af Landssímanum. Þetta sé brot á þeim trúnaði sem nauðsynlegt sé að viðskiptavinir Landssímans njóti enda eigi Símann-Internet ekki að fá upplýsingar um þær fyrirspurnir sem keppinautar Símanns-Internet sendi til annarra deilda Landssímans. Af þessu megi jafnframt ætla að um leið og keppinautur Símanns-Internet sendi inn pöntun eða fyrirspurn á þjónustu til Landssímans, sé Símanum-Internet kynnt sú fyrirætlan keppinautarins.

Vegna svars Landssímans um þann kostnað sem Símann-Internet greiði Landssímanum segir að skilja megi svarið svo að Símann-Internet greiði kr. 500,- á hvern notanda fyrir að hafa BNH tengdan við móðurstöð breiðbandsins. Ekki sé hægt að sjá af svarinu að greitt sé fyrir flutning á sjónvarpsrás, enda sé það sjálfsagt ekki gert. Hvað varði rekstur Símanns-Internet á BNH er efast um að Símann-Internet greiði Landssímanum fyrir t.d. afnot af 220/48 volta rafkerfi, varaafli eða rafmagnsnotkun enda komi hvergi fram í framlagðri gjaldskrá Landssímans að gert sé ráð fyrir slíkum greiðslum.

Að mati Snerpu stendur það upp úr að Landssíminn brjóti gegn því inntaki sem lýst sé í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 41/1997, eins og það er orðað. Til að hindra frekari óhlýðni er farið fram á að mælt sé fyrir um algeran aðskilnað Símans-Internet frá Landssímanum, sbr. rök á bls 58 í umræddri ákvörðun, og framangreindar málsástæður. Þá verði Símanum-Internet gert að flytja starfsstöðvar sínar alfarið úr húsnæði Landssímans í Múlastöð og aukið jafnræði milli keppinauta verði þannig tryggt. Loks eru ítrekaðar kröfur um að Landssíminn bjóði öllum netþjónustum aðgang að breiðbandinu á sama grundvelli samkeppnislega séð og loki aðgangi Símans-Internet að þjónustunni þar til það sé tryggt.

3.

Samkeppnisstofnun sendi Landssímanum athugasemdir Snerpu með bréfi, dags. 13. janúar 1999, og gaf kost á athugasemdum. Jafnframt var óskað eftir neðangreindum upplýsingum:

- „1. *Í gögnum málsins kemur fram að svokallaður Broadband Network Hub (BNH), sem Internetsþjónusta Landssímans nýtir til Internetsþjónustu um breiðband Landssímans, er staðsettur í Múlastöð. Óskað er eftir gögnum úr bókhaldi Landssímans sem staðfesta hver sé kaupandi þessa búnaðar innan fyrirtækisins og hvert innkaupsverð hafi verið (samningar, kvittanir o.þ.h.). Sé kostnaði vegna kaupa á þessum búnaði skipt milli fleiri deilda Landssímans er óskað upplýsinga um þá skiptingu og röksemdir fyrir henni. Jafnframt er óskað upplýsinga um hver annist rekstur BNH Landssímans.*
2. *Samhliða upplýsingum í lið 1 er óskað upplýsinga um hver sé kostnaður Internetsþjónustu Landssímans vegna starfsaðstöðu deildarinnar í Múlastöð. Óskað er eftir gögnum úr bókhaldi sem staðfesti greiðslu þess kostnaðar (samningar, kvittanir o.þ.h.).*
3. *Samkvæmt gögnum málsins virðist aðili sem hyggst veita Internetsþjónustu um breiðband þurfa aðgang að BNH og tengingu frá honum að móðurstöð breiðbandsins í Múlastöð. Í tengslum við framangreint er óskað eftirfarandi upplýsinga:*
 - a. *Getur tiltekinn Internetsþjónustuaðili samnýtt þann BNH sem Internetsþjónusta Landssímans nýtir. Óskað er upplýsinga um kostnað því samfara. Ef ekki er óskað upplýsinga um hvað valdi.*
 - b. *Ef samnýting á BNH Landssímans er ekki framkvæmanleg eða heppileg og tiltekinn Internetsþjónustuaðili hyggst koma sér upp sínum eigin BNH, á hann þess kost að fá leigða aðstöðu í Múlastöð? Sé svo er óskað*

upplýsinga um kostnað því samfara og aðrar upplýsingar þar að lútandi. Sé svo ekki er óskað eftir röksemdum um hvað valdi.

- c. *Eigi tiltekinn Internetsþjónustuaðili þess ekki kost að fá leigða aðstöðu í Múlastöð er óskað eftir upplýsingum um þann kostnað sem Internetsþjónustuaðilinn þarf að leggja í til að tengja sinn BNH við Múlastöð. Óskað er eftir því að vísað verði til þeirra liða í gjaldskrá Landssímans sem máli skipta í þessu sambandi og gerð grein fyrir öðrum kostnaði gagnvart Landssímanum ef einhver er.*
4. *Í athugasemdum Snerpu kemur fram að í svari Tryggva Guðmundssonar starfsmanns breiðbandsþjónustu Landssímans, dags. 30. október sl., við fyrirspurn Guðmundar Unnsteinssonar, dags. 30. október sl., sé afrit af þeim samskiptum sent til Davíðs Gunnarssonar, starfsmanns gagnaflutningsdeildar Landssímans. Óskað er eftir upplýsingum um ástæður þess að fyrirspurnir Internetsþjónustuaðila og svör við þeim eru send gagnaflutningsdeild Landssímans, ef sú er raunin.*
5. *Í gögnum málsins kemur fram að ýmsar auglýsingar sem birtar hafa verið í prentmiðlum og varða Internetsþjónustu á breiðbandi eru birtar undir merkjum Breiðvarps Landssímans. Er þá m.a. vísað til auglýsinga í Morgunblaðinu, dags. 27. september og 17. nóvember sl. Af því tilefni er óskað upplýsinga um það hvernig samskiptum Breiðvarpsins og Internetsþjónustu Landssímans er háttað að þessu leyti. Þá er óskað upplýsinga um skiptingu kostnaðar vegna slíkra auglýsinga ef um slíkt er að ræða og er þá óskað eftir gögnum úr bókhaldi sem staðfesti þá kostnaðarskiptingu og greiðslu kostnaðar.*
6. *Í gögnum málsins liggur fyrir að Snerpa ehf. hefur leitað eftir aðgangi að gögnum og upplýsingum er varða tilraunasendingar á breiðbandi, sbr. tölvupóstsendingar dags. 2. og 3. nóvember sl. Óskað er eftir afstöðu Landssímans til þessarar beiðni. Þá er jafnframt óskað upplýsinga um hvaða deild Landssímans hafi borið þann kostnað sem af slíkum tilraunum hlýst og er óskað eftir gögnum úr bókhaldi sem staðfesti þann kostnað og greiðslu hans.“*

4.

Athugasemdir Landssímans bárust Samkeppnisstofnun með bréfi, dags. 18. febrúar 1999. Þar er vísað á bug öllum fullyrðingum Snerpu um meint brot Landssímans á samkeppnislögum.

Í upphafi er ítrekað að breiðbandið sé framtíðarfjarskiptakerfi Landssímans. Áður en unnt sé að bjóða þjónustu á borð við Internetsþjónustu á breiðbandinu verði að fara fram þróunar- og rannsóknarvinna. Slíkt eigi við um alla nýja tækni sem Landssíminn taki í notkun og áður en það sé gert sé tæknin vandlega yfirfarin og prófuð. Þá segir að tilraunir hafi verið hafnar til að kanna hvort hægt væri að nota íslenska breiðbandið til þess að flytja Internetsþjónustu. Tilraunin hafi verið vikkuð út þannig að þeim sem tengst gátu breiðbandinu var boðið að gerast þátttakendur. Aðeins sjö aðilar hafi tengst Internetsþjónustu á breiðbandi. Ljóst sé að þrátt fyrir að þjónustan sé tæknilega möguleg virðist sem ekki sé enn markaður fyrir hana. Það megi líklega rekja til þess að neytendur séu ekki tilbúnir að greiða fyrir þjónustuna það verð sem óhjákvæmilegt sé að setja upp fyrir hana.

Þá segir að rannsóknar- og þróunarvinna sé þáttur, sem verði að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að bjóða upp á nýja þjónustu. Sú vinna sé ætíð tímafrek og kostnaðarsöm. Fyrirfram sé ekki hægt að ábyrgjast hvenær eða hvort neytendur hafi áhuga á að kaupa þjónustuna. Markaðsrannsóknir og þróunarstarf því viðvíkjandi þurfi því einnig að fara fram. Ljóst sé að Landssíminn geti boðið upp á hraðvirkari Internetsþjónustu um breiðband til þeirra sem það kjósi og eigi möguleika á að tengjast breiðbandinu. Rannsóknir hafi leitt í ljós að tæknilega virki þessi kostur ágætlega. Hins vegar verði haldið áfram að kanna þennan markað og þróa og reyna að bjóða sem bestar og ódýrastar lausnir. Enn sem komið sé hafi ekki reynst unnt að bjóða upp á lausnir sem séu á samkeppnishæfu verði við það sem gildi fyrir hefðbundna Internetsþjónustu. Einnig sé ljóst að Landssíminn muni íhuga það gaumgæfilega hvort hagkvæmt sé að bjóða upp á þessa þjónustu að svo stöddu, í ljósi þess að áhugi á henni sé enn sem komið er afar lítil.

Þá verði að ítreka að hér sé um að ræða þjónustu sem sé á rannsóknar- og þróunarstigi og sé á engan hátt stöðluð. Hafi aðrir áhuga á að bjóða upp á þessa þjónustu þá hafi Landssíminn unnið mikla þróunar- og rannsóknarvinnu sem geti nýst þeim. Aðrir aðilar ættu því að geta sett slíka þjónustu á laggirnar á mun skemmri tíma án þess að þurfa að leggja í sambærilegan kostnað og áhættu. Það sé því alrangt að með rannsóknar- og þróunarvinnu sem þessari sé verið að skerða samkeppnisstöðu annarra aðila.

Þá segir í athugasemdum Landssímans: „*Snerpa kvartar yfir því að Landssíminn veiti loðin svör. Í því sambandi skal bent á að sé spurningin óljós er erfitt að gefa nákvæmt svar. Internettenging um breiðband er þess eðlis að*

áskrifendur skipta á milli sín þeirri bandbreidd, sem ákveðið er að veita og því er það mikilvægt að það sé ákveðið áður en byrjað er að veita slíka þjónustu hvað gert sé ráð fyrir að margir áskrifendur samnýti ákveðna bandbreidd, hvernig brugðist skuli við ákveðnu álagi og svo framvegis. Gæði þjónustunnar skipta meira máli í verðmyndun en tengingin sjálf. Eins og sjá má af tölvupóstsamskiptum Snerpu og Landssímans þ. 3. nóvember 1998 var Snerpu bent á að skilgreina þurfi þjónustustigið og bandbreiddarþörfina áður en hægt sé að svara því hvað slík tenging muni kosta. Þeirri ábendingu var aldrei svarað.

Það er misskilningur að hægt sé að leysa alla hluti í einu þegar verið er að þróa þjónustu og tækni og jafnframt búa til gjaldskrá fyrir allar hugsanlegar útfærslur. Þeir aðilar sem áhuga hafa á því að þróa slíka þjónustu á breiðbandi Landssímans verða að sjálfsgöðu að koma með ákveðnar hugmyndir til þess að hægt sé að gefa ákveðin svör.“

Þá segir að komið hafi í ljós að enn sé ekki markaður fyrir þessa nýju tækni eins og sjáist af fjölda áskrifenda sem hafi ákveðið að nýta sér hana. Þeir séu sjö talsins. Landssíminn fái því ekki séð hvaða samkeppnislegu forsendur geti legið að baki þessari kvörtun Snerpu.

Þá segir að Samkeppnisstofnun hafi séð ástæðu til að gera ákveðnar fyrirspurnir og jafnframt óska eftir upplýsingum úr bókhaldi. Fyrirspurnum Samkeppnisstofnunar er svarað svohljóðandi:

1.

Hér segir að forsaga málsins sé sú að breiðbandsþjónusta Landssímans hafi viljað kanna hvort mögulegt væri að bjóða upp á Internetsþjónustu um breiðband og hafi hún keypt [Broadband Network Hub] til þess að nota í þetta rannsóknarverkefni. Haustið 1998 hafi verið ákveðið að útvíkka tilraunina og gefa almenningi kost á að gerast þátttakendur. Þá hafi komið í ljós að breiðbandsþjónusta hafi ekki haft burði til að veita þessa þjónustu. Samkomulag hafi náðst við Símann-Internet, þá deild sem sjái um Internetsþjónustu Landssímans, um að deildin yfirtæki starfsemina og leysti til sín þann búnað sem breiðbandsþjónustan hafði keypt. Ekki sé enn búið að framkvæma millifærslur í bókhaldi vegna þessa en ástæða þess sé sú að Landssíminn hafi verið að taka upp nýtt, umfangsmikið og flókið bókhaldskerfi þannig að miklar annir hafi verið hjá starfsmönnum bókhalds við að læra á hið nýja kerfi og sé því ferli ekki lokið enn. Af framansögðu segir Landssíminn

ljóst að stefnan sé sú að það sé þjónustuaðilinn sem eigi og reki búnaðinn en ekki netið.

2.

Óskað er eftir nánari upplýsingum um það hvað átt sé við með þessari fyrirspurn.

3.a.

Varðandi það hvort hægt sé að samnýta BNH þá hafi komið fram að samnýting sé tæknilega möguleg en hafi aðilar mismunandi stefnu varðandi gæði þjónustunnar geti það valdið miklum vandkvæðum. Sem dæmi megi nefna að vilji annar/einn aðili aðeins hafa að hámarki 1000 notendur á hverri rás en hinir/hinn aðilinn vilji hafa 2000 sé það mjög erfitt rekstrarlega að láta fleiri aðila samnýta búnaðinn.

Þá segir að kostnaður sé þrjúþættur:

i) Aðgangur að breiðbandinu, sem sé í raun ein sjónvarpsrás og hafi 25 Mb/s flutningsgetu og sé samnýtt af öllum notendum á breiðbandinu sem gerst hafi áskrifendur að þessari þjónustu. Gjaldtöku fyrir þennan aðgang sé þannig háttað að fast gjald sé tekið fyrir hvern einstakan notanda sem nemi 500 kr. á hvern áskrifanda á mánuði.

ii) Gjald fyrir notkun á BNH og tilheyrandi búnaði. Ekki sé til nein gjaldskrá enda hafi þjónustudeildin fjárfest sjálf í þessum búnaði en ekki netið. Ef netið myndi yfirtaka þjónustuna væri hugsanlegt að gjaldið væri innifalið í i) og yrði þá miðað við kostnað og eðlilega álagningu.

iii) Leigulína, sem tengi viðkomandi aðila við BNH, staðsettan í Múlasímstöð. Kostnaður sé samkvæmt gjaldskrá Landssímans fyrir leigulínur og fari eftir flutningsgetu og lengd línunnar.

Í tengslum við framangreint er sérstaklega tekið fram að af tæknilegum ástæðum geti BNH eingöngu verið staðsettur í Múlastöð. Þessar tæknilegu ástæður felist í því að merkið sem BNH sendi inn á dreifikerfi Breiðvarpsins sé „*QAM mótað RF merki*“ sem ekki sé hægt að flytja í flutningskerfi Landssímans.

3b.

Í athugasemdum Landssímans segir að af öryggisástæðum samþykki Landssíminn ekki aðra aðila inn í húsnæði, sem hýsi viðkvæman tæknibúnað, en viðkomandi starfsmenn fyrirtækisins. Ef tiltekinn aðili hyggðist koma sér upp eigin BNH eigi hann þess kost að fá leigða aðstöðu í Múlastöð, en Landssíminn myndi annast búnaðinn gegn eðlilegu þjónustugjaldi. Einnig kæmi til greina að netsviðið myndi kaupa sérstakan BNH og leigja aðgang að honum.

3c.

Hér er vísað til svara við spurningum 3a og 3b þar sem fram komi að af tæknilegum ástæðum geti BNH ekki verið staðsettur utan við Múlastöð.

4.

Hér segir að ástæða þess að Davíð Gunnarssyni, starfsmanni gagnaflyttingsdeildar, ásamt Gísla Skagfjörð, forstöðumanni notendalínudeildar, hafi verið sent afrit af samskiptum við Hringiðuna hafi verið sú að komið hafi verið að fyrsta fundi um þessi mál og hafi þessir tveir menn verið útnefndir til að semja við Hringiðuna um tæknilegar lausnir og aðgang að breiðbandi Landssímans. Báðir þessir starfsmenn tilheyri netsviði Landssímans og teljist hlutlausir gagnvart þjónustuaðilum innan Landssímans og utan.

5.

Um þennan lið segir að auglýsingar um hraðvirkan Internetsaðgang á breiðbandi á vegum Breiðvarpsins séu fyrst og fremst hugsáðar til að vekja athygli á nýjum notkunarmöguleikum breiðbandsins. Allur kostnaður vegna auglýsinga falli því á breiðbandsþjónustudeild og sé engin hlutdeildarskipting við Símann-Internet.

6.

Hér segir að breiðbandsþjónusta Landssímans hafi upphaflega keypt umræddan búnað til að geta veitt víðtækari þjónustu á breiðbandinu. Tilraunasendingar, sem hafi farið fram frá febrúar 1998 þar til tilraunin hafi verið auglýst í september og nóvember 1998, hafi falist í því að þrjár stórir notendur utan Landssímans hafi fengið tengingu, búnaðurinn hafi verið keyrður upp og beðið átekta hvort einhver vandamál kæmu upp. Engin vandamál hafi gert vart við sig og í lok þessa tímabils hafi framangreindir þrjár aðilar gefið munnlega umsögn. Engar skýrslur hafi verið skrifaðar og því ekki um nein skrifleg gögn að ræða

sem hægt sé að afhenda. Á þessum tíma hafi komið í ljós að breiðbandsþjónustan hafi verið illa í stakk búin til að veita þessa þjónustu og því hafi verið teknar upp viðræður við Símann-Internet um að yfirtaka hana og kaupa allan tilheyrandi búnað á kostnaðarverði og yfirtaka rekstur hans. Munnlegt samkomulag hafi náðst þar um og því hafi Síminn-Internet yfirtekið þjónustuna þótt nauðsynlegar færslur hafi ekki átt sér stað í bókhaldi af fyrrgreindum ástæðum. Loks segir að breiðbandsþjónustan muni bera kostnað vegna upphaflegrar þróunarvinnu.

Meðfylgjandi athugasemdum Landssímans voru gögn úr bókhaldi fyrirtækisins og var þess krafist að farið yrði með þau sem trúnaðarmál.

5.

Samkeppnisstofnun sendi Landssímanum bréf, dags. 12. mars 1999, þar sem Landssíminn hafði, í athugasemdum sínum, dags. 18. febrúar 1999, óskað eftir nánari útskýringum á fyrirspurn stofnunarinnar. Í bréfi Samkeppnisstofnunar sagði að af erindi Snerpu og áður nefndu svarbréfi Landssímans megi ráða að Síminn-Internet annist Internetsþjónustu á breiðbandi, m.a. með notkun á BNH, sem staðsettur sé í Múlastöð. Til nánari útskýringar lúti fyrirspurn Samkeppnisstofnunar vegna þessa að eftirtöldu:

- „1. *Hvernig er Múlastöð skilgreind í skipuriti Landssímans? Hvaða deild eða deildir Landssímans bera kostnað af rekstri hennar?*
2. *Í ljósi þess að Internetsþjónusta Landssímans rekur starfsemi sína að hluta frá Múlastöð er óskað eftir upplýsingum um hvort Internetsþjónustan greiði leigugjald fyrir aðstöðu sína í Múlastöð. Sé svo er óskað upplýsinga um hvert það gjald sé og er óskað eftir upplýsingum úr bókhaldi sem staðfesti slíkan kostnað. Vísad er til m.a. til þess að í svarbréfi yðar, lið 3b, segir að: „Hyggist tiltekinn aðili koma sér upp sínum eigin BNH á hann þess kost að fá leigða aðstöðu í Múlastöð, en Landssíminn myndi annast búnaðinn gegn eðlilegu þjónustugjaldi.“ Með vísan til þessa er óskað eftir upplýsingum um hvort Internetsþjónusta Landssímans greiði sérstakt þjónustugjald vegna reksturs BNH í Múlastöð? Sé svo er óskað eftir upplýsingum um hvert það gjald sé og staðfestingu á því úr bókhaldi.*

Þá kemur fram í bréfi yðar að hafi aðrir aðilar (en Internetsþjónusta Landssímans) áhuga á að veita Internetsþjónustu um breiðband þá hafi „Landssíminn unnið mikla þróunar- og rannsóknarvinnu sem nýtist þeim. Aðrir aðilar ættu því að geta sett slíka þjónustu á laggirnar á mun skemmri tíma án þess [að] þurfa að leggja í sambærilegan kostnað og áhættu.“

Af hálfu Samkeppnisstofnunar er óskað upplýsinga um hvort skilja beri framangreind ummæli svo að Landssíminn muni veita aðila, sem óskar að veita Internetsþjónustu á breiðbandi, aðgang að gögnum varðandi þær rannsóknir og þá þróunarvinnu sem Landssíminn hafi látið vinna í því sambandi?

Í svarbréfi yðar vegna fyrirspurnar í tl. 1 í bréfi Samkeppnisstofnunar er til þess vísað að bókhaldsfærslur milli deilda hafi ekki enn verið framkvæmdar en að það verði gert í marsmánuði. Með vísan til þess óskar Samkeppnisstofnun eftir upplýsingum um hvort starfi þessu sé lokið og hvort unnt sé að fá umbeðnar staðfestingar úr bókhaldi fyrirtækisins, sbr. áður nefnt bréf Samkeppnisstofnunar til yðar.

Í bréfi yðar er vísað til þess að BNH verði að vera staðsettur í Múlastöð af tæknilegum ástæðum. Af því tilefni er óskað eftir skýringum yðar á því hvað sé „QAM mótað RF merki“.

6.

Svar Landssímans barst Samkeppnisstofnun með bréfi, dags. 30. mars 1999. Þar er fyrirspurnum stofnunarinnar svarað með neðangreindum hætti:

6.1.

Fasteignarekstur, þ. á m. rekstur fasteignarinnar sem Múlastöð sé í, heyrir undir rekstrarsvið (fasteignadeild rekstrarsviðs). Þeir aðilar sem séu með aðstöðu í Múlastöð greiði gjöld vegna aðstöðu sinnar þar. Meðfylgjandi var listi yfir þá aðila sem greiða til rekstrarsviðs vegna aðstöðu í Múlastöð.

6.2.

Vísað var í fyrri bréf Landssímans til Samkeppnisstofnunar þar sem fram hafi komið skilgreining á stöðu Internetsþjónustu Landssímans eins og henni hafi verið breytt vegna ársins 1999. Internetsþjónustan hafi verið hluti af gagnaflutningseiningunni þar til um áramótin 1998/1999 og hafi gagnaflutningur greitt alls kr. x¹ fyrir árið 1998 vegna aðstöðu í Múlastöð. Þar með talin sé aðstaða Internetsþjónustu Landssímans. Þá hafi heildarhúsaleiga gagnaflutnings vegna Múlastöðvar og Landsímahússins við Austurvöll numið kr. x² fyrir árið 1998. Internetsþjónusta greiði ekki sérstakt þjónustugjald vegna

¹ Fellt út vegna trúnaðar.

² Fellt út vegna trúnaðar.

reksturs BNH í Múlastöð þar sem gagnaf lutningur (frá áramótum 1998/1999 rekstrareiningin Internetsþjónusta) eigi og reki umræddan BNH.

Varðandi aðgang annarra að rannsóknar- og þróunarvinnu í sambandi við Internetsþjónustu á breiðbandi segir að sú vinna sé fyrst og fremst fólgin í kaupum á viðkomandi búnaði, uppsetningu hans og reynslu í rekstri af honum og hvort slíkur búnaður virki við þær aðstæður sem hér séu. Engar skýrslur hafi verið skrifaðar um mælingar og rannsóknarniðurstöður heldur hafi tæknimenn verið þjálfaðir til þess að fara með búnaðinn og öðlast þekkingu á rekstri kerfisins. Það sem fyrst og fremst sé átt við með að sú vinna nýtist öðrum sé að búið sé að sýna fram á að búnaður sem þessi virki tæknilega á íslenska breiðbandinu og þurfi aðrir sem kjósi að setja upp sams konar búnað því ekki að leggja í samskonar undirbúningsvinnu. Ítrekað er að um staðlaðan búnað sé að ræða og séu upplýsingar um hann aðgengilegar öllum sem beri sig eftir þeim.

Vegna fyrirspurnar um bókhaldsfærslu vegna BNH var vísað í meðfylgjandi yfirlýsingu frá aðalbókhaldi þar sem fram kom að eignfærsla á BNH hjá breiðbandsþjónustu árið 1998 verði færð til gjalda og skulda hjá Símanum-Internet. Verði bókunin gerð í mars 1999.

Svörum Landssímans fylgdi útskýring á því hvað QAM mótað RF merki væri og fylgdi þeirri skýringu að fjölsímakerfi þau, sem almennt séu notuð fyrir flutning á tali og gögnum, geti ekki flutt slíkt merki.

Að lokum var óskað eftir að farið yrði með gögn úr bókhaldi sem trúnaðarmál.

Samkeppnisstofnun sendi framangreindir athugasemdir Landssímans, dags. 18. febrúar og 30. mars 1999, til Snerpu til upplýsingar.

7.

Í ljósi þess langa tíma sem tekið hefur að ljúka meðferð máls þessa, sem skýrist af önnum starfsmanna samkeppnisyfirvalda, sendi Samkeppnisstofnun, með bréfi dags. 6. mars 2001, aðilum málsins sk. frumathuganir sínar á gögnum þess og sjónarmiðum aðila. Var aðilum gefið færi á að gera athugasemdir.

Athugasemdir bárust frá Landssíma Íslands með bréfi, dags. 20. mars 2001. Þar segir að ekki séu gerðar athugasemdir við niðurstöður samkeppnisyfirvalda um meintar villandi blaðaauglýsingar fyrirtækisins. Ekki séu heldur gerðar

athugasemdir við niðurstöður varðandi það álitaefni hvort Síminn-Internet njóti betri kjara en keppinautar við kaup á grunnfjarskiptaþjónustu frá Landssímanum og aðstöðu ýmiss konar.

Hins vegar gerir Landssíminn athugasemdir við niðurstöður samkeppnisyfirvalda um 1) að Símanum-Interneti hafi verið veitt forskot við að veita Internetsþjónustu á breiðbandi og 2) að upplýsingar frá keppinautum til Landssímans geti komist í hendur deilda innan fyrirtækisins sem keppi við viðkomandi aðila.

Hvað fyrra atriðið varðar bendir Landssíminn á að þróun mála á fjarskiptamarkaði undanfarin misseri hafi leitt til þess að fyrirtækið sé ekki lengur eini aðilinn sem bjóði bandbreið sambönd. Fyrirtækið Lína.Net reki nú tvö slík kerfi, annars vegar ljósleiðara og hins vegar örbylgjukerfi. Því sé ljóst að fjárfesting í fjarskiptakerfum sé ekki slík að hún sé aðgangshindrun í sjálfu sér. Í dag ríki því samkeppni á þessum markaði. Sú forsenda Samkeppnisstofnunar að fyrirtæki, sem hyggist veita virðisaukandi þjónustu, verði í flestum tilfellum að kaupa aðgang að grunnfjarskiptakerfi Landssímans til að geta starfað eigi ekki við rök að styðjast. Landssíminn mótmælir því að samkeppnisyfirvöld geti beint almennum fyrirmælum til fyrirtækisins með vísan til markaðsstöðu þess, án þess að hafa gert könnum á markaði fyrir bandbreið sambönd og skilgreint hann í samræmi við ríkjandi aðstæður.

Þá hafi Landssíminn sýnt í verki að hann kynni fyrir nýjum aðilum þá möguleika sem séu á virðisaukandi þjónustu á kerfum Símans. Bent er á að fyrir skömmu hafi Landssíminn kynnt fyrir Internetsþjónustuaðilum nýja tilraun til Internetsþjónustu á breiðbandi en innan skamms muni Internetsþjónustuaðilar geta boðið viðskiptavinum sínum slíkar tengingar. Með þessari framkvæmd hafi verið reynt að tryggja eftir föngum að enginn aðili hafi forskot umfram aðra.

Hvað varðar það álitaefni hvort trúnaðarupplýsingar frá keppinautum Símans-Internets hafi farið frá fjarskiptasviði fyrirtækisins til Símans-Internet segir að Landssíminn telji óþarft að mæla fyrir um ráðstafanir innan fyrirtækisins til að tryggja trúnað slíkra upplýsinga. Ástæðan sé sú að eftir að ákvörðun samkeppnisráðs nr. 17/1999 lá fyrir, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 11/1999, hafi Landssíminn gripið til þess ráðs að láta alla starfsmenn sína, sem vegna starfa sinna byggju yfir eða gætu öðlast trúnaðarupplýsingar um samkeppnisaðila, undirrita trúnaðaryfirlýsingar, óháð

Því hvort viðkomandi starfsmenn tengdust GSM-þjónustu eða öðrum þáttum í rekstri fyrirtækisins. Landssíminn hafi því nú þegar gengið lengra en fyrirmæli samkeppnisyfirvalda gerðu ráð fyrir. Af hálfu Landssímans er fullyrt að hvorki fyrr né síðar hafi komið í ljós trúnaðarbrestur innan fyrirtækisins, en rétt hafi þótt að sýna að fyrirbyggjandi ráðstafanir hefðu verið gerðar. Er því talið að fyrirmæli um aðgerðir, sem þegar hefðu átt sér stað, færu gegn meðalhófsreglu stjórnsýslulaga, sbr. einnig niðurstaða áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 13/1998.

III. Niðurstaða

Á fundi samkeppnisráðs þann 23. maí 2001 var ákvörðun tekin í þessu máli. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Tryggvi Axelsson, Karitas Pálsdóttir, Sigurbjörn Magnússon og Ólafur Björnsson

1.

Í máli þessu kvartar Internetsþjónustan Snerpa, sem staðsett er á Ísafirði, yfir því að Landssími Íslands hafi látið birta blaðaauglýsingar með villandi orðalagi þar sem rangar eða villandi upplýsingar hafi verið settar fram um hvenær unnt hefði verið að bjóða Internetsþjónustu á breiðbandi.

Þá kvartar Snerpa yfir því að Símanum-Internet hefði verið veitt forskot við að veita Internetsþjónustu á breiðbandi, nýju fjarskiptakerfi Landssíma Íslands. Forskotið væri falið í því að aðeins Símanum-Internet hefði verið veittar upplýsingar um tilraunir með Internetsþjónustu á breiðbandi sem fyrirtækið hefði gert. Þá væru líkur á að upplýsingar frá keppinautum, sem sendar væru til Landssímans vegna kaupa á grunnfjarskiptaþjónustu, væru látnar í té starfsmönnum Símans-Internet. Loks telur Snerpa að Síminn-Internet njóti betri kjara en keppinautar í samskiptum við Landssímamann vegna kostnaðar við kaup á grunnfjarskiptaþjónustu og aðstöðu ýmiss konar.

2.

Hvað varðar kvörtun vegna auglýsinga Landssímans hefur Snerpa vísað til þess að í blaðaauglýsingum Landssímans þann 27. september og 17. nóvember 1998 hefðu verið veittar villandi upplýsingar um það hvenær hægt yrði að bjóða upp á Internetsþjónustu um breiðband. Með því hefði fyrirtækið brotið gegn fyrirmælum samkeppnisráðs í ákvörðun þess nr. 21/1998, Breiðband Landssíma Íslands, sbr. lið III.1. í ákvörðunarorðum, en hann hljóðar svo:

„Landssími Íslands skal geta þess í kynningarefni sínu um breiðbandið, með nákvæmum hætti, hvers konar fjarskiptaþjónustu breiðband Landssímans flytur á hverjum tíma og hvers konar þjónustu breiðbandið getur flutt. Ef byggt er á því að breiðbandið geti síðar flutt frekari þjónustu skal gera grein fyrir því en um leið hvenær það muni gerast. Sé það ekki vitað skal taka það fram.“

Af hálfu Landssímans hefur komið fram að þeir aðilar innan fyrirtækisins sem önnuðust tilraunir með Internetsþjónustu á breiðbandi hafi eðli málsins samkvæmt vitað hvenær sú þjónusta myndi standa til boða. Engin leynd hefði hvílt yfir tilraunum með tæknilegar lausnir en öðrum aðilum en Símanum-Internet hafi ekki sérstaklega verið boðið að tengjast breiðbandinu með þessum hætti.

Landssíminn mótmælir því að fyrirtækið hafi brotið gegn samkeppnislögum eða ákvörðunum samkeppnisráðs.

3.

Til skoðunar er í málinu hvort áðurgreindar auglýsingar Landssímans hafi brotið gegn lið III.1. í ákvörðunarorðum ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 21/1998, Breiðband Landssíma Íslands, eða gegn ákvæðum samkeppnislaga nr. 8/1993 að öðru leyti.

Þegar framangreint er metið verður að hafa í huga þær forsendur sem bjuggu að baki lið III.1. í ákvörðunarorðum umræddrar ákvörðunar samkeppnisráðs. Í því máli greindi kvartanda og Landssímamann á um hvort kynningarefni Landssímans til neytenda á breiðbandi fyrirtækisins stæðist kröfur samkeppnislaga. Af hálfu kvartanda var því m.a. haldið fram að Landssíminn hefði veitt ófullnægjandi upplýsingar um kostnað við að tengjast breiðbandi auk þess sem talið var að tæknilegar upplýsingar um breiðbandið væru ekki nákvæmar og í sumum tilfellum rangar.

Í forsendukafla umræddrar ákvörðunar tók samkeppnisráð fram að á Landssímanum hvíldi sú skylda að gæta ítrustu nákvæmni í kynningarstarfi sínu í ljósi þeirrar algeru sérstöðu sem fyrirtækið hefur á íslenskum fjarskiptamarkaði, á grundvelli markaðsráðandi stöðu sinnar. Neytendum sé samt að treysta upplýsingum Landssímans enda hafi fyrirtækið til skamms tíma verið eini seljandi fjarskiptaþjónustu hér á landi. Mikilvægt var talið að Landssíminn gætti sanngirni í kynningarstarfi gagnvart þeim aðilum sem gætu

verið í samkeppni við fyrirtækið um að veita alhliða fjarskiptaþjónustu, en fleiri fjarskiptakerfi en breiðbandið gætu veitt slíka þjónustu.

Að mati samkeppnisráðs leiddi af 21. gr. samkeppnislaga að Landssímanum væri skylt að veita fullnægjandi upplýsingar til neytenda um það hvenær breiðbandskerfið gæti veitt þá þjónustu sem lofað var. Þá taldi samkeppnisráð að sterklega væri gefið í skyn í umræddu kynningarefni að önnur fjarskiptakerfi myndu ekki geta flutt þá margmiðlunarþjónustu sem Landssíminn taldi að neytendur mynda gera kröfu um á næstunni. Slíkt fengi ekki staðist.

Með vísan til framangreinds taldi samkeppnisráð nauðsynlegt að Landssíminn greindi frá því í auglýsingum sínum til neytenda hvenær tiltekin þjónusta yrði boðin á breiðbandi. Væri óljóst hvenær unnt yrði að bjóða þjónustuna bæri að taka það fram enda að öðrum kosti fyrir hendi hætta á að neytendur tækju ákvörðun um tengingu við breiðband, á kostnað annarra möguleika við móttöku fjarskipta, á grundvelli villandi og ófullnægjandi upplýsinga.

Í auglýsingum þeim sem kvartað er yfir í þessu máli kemur fram að með því að tengjast breiðbandi Landssímans standi neytendum til boða hraðvirkari tenging við Internet en áður hafi þekkst. Ekki er annað fram komið en að þessi fullyrðing hafi verið rétt þegar hún var sett fram og að nauðsynleg tækni hafi verið til staðar til að veita þá þjónustu þegar auglýsingin birtist. Í máli því sem leiddi til töku ákvörðunar nr. 21/1998 var talið að Landssíminn hefði fullyrt meira um ágæti breiðbandskerfisins í auglýsingum sínum en efni stóðu til og þannig farið gegn ákvæði 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Ekki verður talið að þær auglýsingar sem fjallað er um í þessu máli séu sama annmarka háðar.

Samkvæmt upplýsingum frá Landssímanum voru undirtektir neytenda gagnvart Internetsþjónustu á breiðbandi afar dræmar og kom því ekki til þess að þjónustan væri veitt í neinum mæli. Mun þjónustan ekki hafa verið seld á almennum markaði. Kom því ekki til frekari kynningar á henni með þeim hætti sem boðað var í framangreindum auglýsingum. Með vísan til alls framangreinds telur samkeppnisráð ekki þörf aðgerða vegna þessa hluta kvörtunar Snerpu.

4.

Hvað varðar kvörtun Snerpu vegna samskipta Landssímans við keppinauta fyrirtækisins telur samkeppnisráð að álitaefnið sé í raun þriðþætt. Í fyrsta lagi hvort Símanum-Internet hafi verið veitt ólöglegt forskot á aðra keppinauta

með því að Síminn-Internet var upplýstur um tilraunir með Internetsþjónustu á breiðbandi en keppinautar ekki. Í öðru lagi hvort eðlilegri samkeppni á Internetsþjónustumarkaði sé raskað með því að upplýsingar frá keppinautum Símans-Internet geti borist frá fjarskiptasviði Landssímans til Símans-Internet og í þriðja lagi hvort Síminn-Internet njóti sérstöðu í samningum við Landssímamann, t.d. með því að þurfa ekki að greiða sama kostnað við að veita Internetsþjónustu á breiðbandi og keppinautar þurfi að gera, og með aðstöðu sinni í Múlastöð sem keppinautum standi ekki til boða.

Snerpa telur að Landssíminn hafi með ólögnum hætti skekkt samkeppnisstöðu fyrirtækisins með því að upplýsa aðeins Símanum-Internet um þær tilraunir sem stóðu yfir vegna Internetsþjónustu á breiðbandi. Fram sé komið að tilraunir hafi tekið 8 mánuði og megi ætla að Snerpa þurfi a.m.k. nokkra mánuði til að tileinka sér sömu þekkingu og Síminn-Internet hafi á tæknilegum atriðum o.fl. til að geta boðið þjónustuna. Símanum-Internet hafi því verið veitt mikið forskot og þar með sé samkeppnisstaða Snerpu gerð verri en ella.

Snerpa átelur einnig að starfsmönnum Símans-Internet hafi verið send afrit af tölvupósti frá keppinautum fyrirtækisins þar sem óskað er eftir upplýsingum um veitingu Internetsþjónustu á breiðbandi. Að mati Snerpu sé afar óeðlilegt að starfsmönnum Símans-Internet séu kynntar fyrirætlanir og viðskiptalegar ákvarðanir keppinauta fyrirtækisins.

Þá efast Snerpa um að Símanum-Internet sé gert að greiða sama kostnað til Landssímans við að veita Internetsþjónustu um breiðband og keppinautum sé gert að greiða.

Af hálfu Landssímans er því mótmælt að fyrirtækið hafi með hegðun sinni brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga. Bent er á að ætíð þurfi að fara fram talsverð þróunar- og rannsóknarvinna áður en ný tækni sé kynnt neytendum. Rétt sé að öðrum en Símanum-Internet hafi ekki verið kynnt sérstaklega að tilraunir með Internetsþjónustu yfir breiðband stæðu yfir enda erfitt að geta sér til um alla þá sem áhuga hefðu á slíkum upplýsingum. Hins vegar hafi mikil rannsóknar- og þróunarvinna átt sér stað sem muni nýtast öllum þeim sem hafi hug á að veita umrædda þjónustu.

Landssíminn segir það hafa komið í ljós að ekki sé enn markaður fyrir þá þjónustu sem um ræðir. Aðeins sjö aðilar hafi ákveðið að nýta sér hana og því

séu ekki samkeppnislegar forsendur fyrir kvörtun Snerpu. Þá fullyrðir Landssíminn að Símanum-Internet sé gert að greiða sömu gjöld fyrir aðgang að breiðbandi eins og keppinautum fyrirtækisins, samkvæmt gjaldskrá.

Hvað varði kvartanir Snerpu um að starfsmönnum Símans-Internet hafi verið kynntar fyrirætlanir keppinauta segir í svörum Landssímans að tiltekinn starfsmaður gagnaflutningsdeildar og forstöðumaður notendalínudeildar hafi verið útnefndir af hálfu Landssímans til að semja við Hringiðuna um aðgang að breiðbandi og tæknilegar lausnir. Báðir starfsmenn tilheyri netsviði Landssímans og teljist hlutlausir gagnvart þjónustuaðilum innan sem utan Landssímans.

5.

Áður en vikið verður að einstökum álitefnum vegna ofangreinds er rétt að fjalla í stuttu máli um um stöðu Landssímans á íslenskum fjarskiptamarkaði og um þær skyldur sem á fyrirtækinu hvíla vegna hennar. Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/1998, Breiðband Landssíma Íslands hf., sem tekin var á fundi samkeppnisráðs þann 8. júlí 1998, er ítarlega fjallað um íslenskan fjarskiptamarkað og stöðu Landssímans á honum. Þar sem atvik þessa máls verða aðeins örfáum vikum eftir að sú ákvörðun var tekin má í öllum aðalatriðum vísa til umfjöllunar í þeirri ákvörðun um stöðu Landssímans á fjarskiptamarkaði hér á landi. Í stuttu máli var komist að þeirri niðurstöðu að Landssíminn væri í yfirburðastöðu á markaði fyrir veitingu grunnfjarskiptaþjónustu með eignarhaldi sínu á almenna talsímakerfinu, sem byggt hefur verið upp hér á landi undanfarna áratugi af forvera Landssímans, Póst- og símamálastofnun og síðar Pósti og síma hf. Uppbygging Landssímans á breiðbandinu væri til þess fallin að styrkja þá yfirburðastöðu og ekki væri fyrirséð að önnur grunnfjarskipakerfi gætu veitt Landssímanum teljandi samkeppni í nánustu framtíð.

Jafnframt var bent á að á flestum mörkuðum fyrir virðisaukandi þjónustu í gegnum grunnfjarskiptakerfi væri Landssíminn í einokunarstöðu eða markaðsráðandi stöðu. Til dæmis á það við um markað fyrir almenna talsímaþjónustu, bæði innanlands- og utan, GSM- og NMT-farsímaþjónustu. Þá hafði Landssíminn náð sterkri stöðu á markaði fyrir Internetsþjónustu til einstaklinga og fyrirtækja. Einnig skiptir máli við mat á stöðu Landssímans að fyrirtækið nýtur afar sterkrar fjárhagslegrar stöðu almennt.

Samkeppnisráð bendir á að Landssíminn naut, á þeim tíma er atvik máls þessa gerðust, og nýtur enn yfirburða markaðsráðandi stöðu á markaði fyrir almenna fjarskiptaþjónustu. Í því felst að fyrirtæki, sem hyggjast veita virðisaukandi þjónustu hér á landi, t.d. Internetsþjónustu, verða í flestum tilfellum að kaupa aðgang að grunnfjarskiptakerfi Landssímans til að geta starfað á viðkomandi markaði. Aðrir möguleikar til að selja, t.d. Internetsþjónustu, til einstaklinga og fyrirtækja eru takmarkaðir. Hvað varðar stöðu mála á fjarskiptamarkaði í dag og vegna tilvísunar Landssímans til innkomu Línu.Nets ehf. á markað fyrir grunnfjarskiptaþjónustu, vísar samkeppnisráð til ákvörðunar sinnar nr. 7/2001, Erindi Landssíma Íslands hf. vegna samnings Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur við Línu.Net ehf. Í því máli komst samkeppnisráð að þeirri niðurstöðu að Landssíminn væri í markaðsráðandi stöðu á fjarskiptamarkaði. Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/1998, Breiðband Landssíma Íslands hf., er yfirburðastöðu lýst. Yfirburðastaða er enn til staðar þótt keppinautum hafi fjölgað.

5.1.

Með því að Landssíminn er í þeirri markaðsráðandi stöðu á grunnfjarskiptamarkaði sem áður er lýst hvílir sú skylda á fyrirtækinu að mismuna ekki keppinautum á einstökum undirmörkuðum, t.d. með aðgangi að upplýsingum um tækninýjungar. Samkeppnisráð telur gögn málsins sýna að Landssíminn hafi upplýst þá deild innan fyrirtækisins, sem annast Internetsþjónustu, nú Símann-Internet, um þær tilraunir sem gerðar voru með Internetsþjónustu á breiðbandi, en ekki t.d. keppinauta Símans-Internet né aðra aðila. Samkeppnisráð telur þá hegðun Landssímans hafa falið í sér mismunun gagnvart keppinautum Símans-Internet sem ekki hefur verið útskýrð með rökum. Í því felst misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Að mati samkeppnisráðs blasir við að þessi hegðun fyrirtækisins er til þess fallin að raska samkeppnisstöðu keppinauta Símans-Internet verulega enda ljóst að miklu skiptir fyrir þá aðila að geta boðið samkeppnishæfa þjónustu á við Símann-Internet um leið eða sem fyrst eftir að Símann-Internet kynnir hana. Þegar keppinautum er það ókleift vegna þess að Landssíminn hefur aðeins upplýst sína eigin Internetsþjónustu um fyrirhugaðar nýjungar í grunnfjarskiptaþjónustu er samkeppni raskað með ólögum hætti, sbr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Vegna framangreinds kom fram fyrirætlan í frumathugunum Samkeppnisstofnunar um að gefa Landssímanum almenn fyrirmæli um að kynna með opinberum hætti þær tilraunir eða breytingar sem gerðar yrðu á

grunnfjarskiptakerfi fyrirtækisins, þ.e. á breiðbandi eða almenna talsímakerfinu, og áhrif gætu haft á möguleika fyrirtækja til að selja virðisaukandi þjónustu í gegnum viðkomandi kerfi. Í raun var þar um sömu skyldu að ræða og hvílir á Landssíma Íslands vegna GSM-þjónustu, sbr. niðurstöðu samkeppnisráðs í máli nr. 17/1999, sbr. úrskurð áfrýjunefndar samkeppnismála nr. 11/1999, en nánar verður vikið að því máli í næsta kafla. Skyldan ætti við nema um tilraunir væri að ræða sem fara ættu leynt af einhverjum ástæðum en við slíkar aðstæður bæri Landssímanum að viðhafa sama trúnað gagnvart öllum keppinautum sem eins væri ástatt um á markaði, þ.m.t. Símanum-Internet.

Í bréfi Landssímans til Samkeppnisstofnunar frá 6. mars 2001 er hins vegar upplýst að Landssíminn hafi bætt úr markaðshæðun sinni að þessu leyti. Fram kemur í bréfinu að Internetsþjónustuaðilum hafi verið sendar upplýsingar um nýja möguleika á Internetsþjónustu á breiðbandi og að haldinn hafi verið kynningarfundur með Internetsþjónustuaðilum þar sem niðurstöður tilrauna hafi verið kynntar. Þannig hafi reynsla af fyrri tilraunum Landssímans og niðurstöður nýrra tilrauna nýst öllum aðilum markaðarins. Með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnsýslulaga nr. 37/1993 telur samkeppnisráð því ekki þörf á að mæla með almennum hætti fyrir um framangreinda skyldu Landssímans. Samkeppnisráð áréttar hins vegar að á Landssímanum hvílir enn sem fyrr, vegna yfirburðastöðu hans á íslenskum fjarskiptamarkaði, skylda til að gæta fyllsta jafnræðis milli t.d. eigin Internetsþjónustu og keppinauta hennar um aðgang að upplýsingum um tækninýjungar sem fela í sér möguleika á að veita virðisaukandi þjónustu á grunnkerfum Landssímans.

Um upplýsingagjöf milli deilda Landssímans að þessu leyti og vegna samskipta Landssímans við keppinauta Símanum-Internet verður fjallað í næsta kafla.

5.2.

Í máli þessu hefur Snerpa m.a. vakið athygli á og kvartað yfir því að samskipti Landssímans við Internetsþjónustuaðila um grunnfjarskiptaþjónustu hafi verið kynnt starfsmönnum Símanum-Internet. Slíkt sé óviðunandi enda geti skipt sköpum í samkeppni við Símann-Internet að sú deild viti ekki, nánast fyrirfram, um aðgerðir keppinauta sinna eða fyrirætlanir þeirra.

Landssíminn hefur bent á að samskipti þau við Hringiðuna, sem vísað sé til í kvörtun Snerpu, hafi verið kynnt þeim aðilum innan Landssímans sem hafi átt

að annast samningaviðræður við Hringiðuna um tæknilegar lausnir varðandi hugsanlega Internetsþjónustu á breiðbandi. Þeir starfsmenn teljist hlutlausir gagnvart þjónustuaðilum innan Landssímans og utan.

Samkeppnisráð telur gögn málsins ekki sýna með óyggjandi hætti að trúnaðarupplýsingar frá keppinautum Símans-Internet, sem kynntar voru Landssímanum vegna viðskipta við netsvið fyrirtækisins, hafi verið kynntar starfsmönnum Símans-Internet. Að mati samkeppnisráðs eru þó efni til að fjalla með almennum hætti um hvort ástæða sé til að tryggja að hvers kyns upplýsingar, sem fyrirtæki verða að veita Landssímanum sem viðskiptaaðila sínum í grunnfjarskiptaþjónustu, berist ekki til þeirra deilda innan fyrirtækisins sem eiga í samkeppni við viðkomandi aðila.

Í máli því sem leiddi til töku ákvörðunar nr. 17/1999, Erindi Tals hf. um verðlagningu á GSM-þjónustu Landssíma Íslands hf, var fjallað um framangreint atriði að því er varðaði þann markað og samkeppni Tals við Landssímann. Af hálfu Tals var bent á að fyrirtækið yrði óhjákvæmilega að eiga margvísleg viðskipti við Landssímann um grunnfjarskiptaþjónustu. Landssímanum áskotnuðust þannig ýmsar upplýsingar um fyrirætlanir keppinautar síns en slíkt væri til þess fallið að raska samkeppni verulega. Var þess krafist af hálfu Tals að Landssímanum yrði bannað að veita starfsmönnum GSM-þjónustu sinnar aðgang að upplýsingum sem keppinautar í GSM-þjónustu yrðu að láta Landssímanum í té eða fyrirtækið hefði óhjákvæmilega aðgang að vegna viðskipta.

Landssíminn benti á að sk. sölusvið, sem annaðist sölu á GSM-fjarskiptaþjónustu væri aðskilið frá rekstri annarra sviða fyrirtækisins. Farið væri með upplýsingar sem fjarskiptasviði bærust sem trúnaðarupplýsingar, væru þær þess eðlis.

Samkeppnisráð benti á að á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga væri unnt að kveða á um ráðstafanir til að tryggja að ekki væri misfarið með trúnaðarupplýsingar og aðrar upplýsingar frá keppinautum Landssímans ef sýnt væri fram á þörf fyrir það og almennum skilyrðum 17. gr. væri fullnægt.

Í forsendum ákvörðunarinnar var skipuriti Landssímans lýst, m.a. þeirri staðreynd að virðisaukandi þjónusta á borð við GSM-farsímaþjónustu, heyrði undir aðra deild og annan framkvæmdastjóra en rekstur fjarskiptasviðs fyrirtækisins. Hins vegar báru gögn málsins með sér að allir

framkvæmdastjórar fyrirtækisins og forstjóri hittust reglulega á fundum og ræddu þar málefni sem tengdust jafnt samkeppnislegum aðgerðum fyrirtækisins á GSM-markaði og samskiptum við keppinautinn Tal vegna kaupa hans á grunnfjarskiptaþjónustu. Þá kom jafnframt fram að innan Landssímans starfaði þá sk. verðskrárnefnd þar sem sátu bæði framkvæmdastjóri sölusviðs og framkvæmdastjóri fjarskiptanetsins en þar voru m.a. ræddar hugmyndir um breytingar á gjaldskrá Landssímans, þ.m.t. verðlagning á leigulínum sem keppinautar gætu þurft á að halda o.s.frv. Loks báru gögn málsins með sér að innan Landssímans hefði verið stofnaður vinnuhópur sem skipaður var þvert á deildir fyrirtækisins, þ.e. í honum áttu sæti fulltrúar frá t.d. fjarskiptaneti og sölu- og markaðssviði. Innan hópsins voru rædd verðlagsmál, solumál, ný þjónusta o.s.frv. Einnig greindu meðlimir hópsins frá vitneskju sinni um aðgerðir Tals.

Í ákvörðun sinni í framangreindu máli benti samkeppnisráð á að yfirburðastaða Landssímans á fjarskiptamarkaði, og sú staðreynd að fyrirtækið væri í mörgum tilfellum óhjákvæmilegur viðskiptavinur keppinauta sinna, leiddi af sér verulega hættu á hagsmunaárekstrum sem skaðað gætu samkeppni. Með því að Landssíminn ætti í samkeppni við viðskiptavinina sína hefði fyrirtækið bæði möguleika á og hvata til að raska samkeppni. Benti ráðið á að í ákvörðun sinni nr. 21/1998, Breiðband Landssíma Íslands hf., hafi komið fram að tortryggni keppinauta í garð Landssímans, um að einstakar deildir innan fyrirtækisins nytu betri kjara í samskiptum við Landssímann eða upplýsinga um keppinauta, gæti í sjálfu sér skaðað samkeppni. Hin sérstaka staða Landssímans á fjarskiptamarkaði væri því í eðli sínu samkeppnishamlandi, óháð því hvort fyrirtækið hefði í raun misbeitt markaðsráðandi stöðu sinni eða ekki. Af þessari sérstöðu leiddi að gera yrði mjög ríkar kröfur til Landssímans um að fyrirtækið tryggði eins og kostur væri að samkeppni væri ekki raskað, t.d. með því að viðskiptalegar upplýsingar bærust ekki frá þeim deildum sem keppinautar yrðu að eiga viðskipti við til þeirra deilda sem ættu í samkeppni við þá.

Niðurstaða samkeppnisráðs í framangreindu máli varð sú að nán og reglubundin samskipti milli sölusviðs Landssímans, sem annaðist GSM-farsímaþjónustu, og fjarskiptanetsins, sem m.a. seldi keppinautum Landssímans þjónustu, sköpuðu verulega hættu á að trúnaðarupplýsingar frá keppinautum fyrirtækisins bærust til starfsmanna sölusviðs. Það eitt að viðskiptalegar upplýsingar gætu borist milli deila með þessum hætti var talið til þess fallið að raska samkeppni í andstöðu við 17. gr. samkeppnislaga og t.d. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 2/1997, Kvörtun ungra lækna yfir samningi

Tryggingastofnunar ríkisins og Læknafélags Reykjavíkur. Þá taldi samkeppnisráð að innra skipulag Landssímans, sem fæli í sér náð samband milli sölusviðs og fjarskiptanets, og skipan áður nefnds GSM-hóps, þvert á deildir fyrirtækisins, fæli í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu.

Samkeppnisráð féllst því á kröfu Tals um að grípa til aðgerða til að eyða þessum samkeppnishömlum. Í ákvörðun samkeppnisráðs sagði svo: „*Telur samkeppnisráð nauðsynlegt að mæla fyrir um bann við því að hvers kyns viðskiptalegar eða tæknilegar upplýsingar er varða keppinauta Landssímans berist frá þeim starfsmönnum Landssímans, sem starfa á einhvern hátt við grunnfjarskiptaþjónustu, til þeirra starfsmanna sem annast daglegan rekstur GSM-þjónustunnar. Í því skyni verður að krefjast þess að þeir starfsmenn sem tengjast grunnfjarskiptaþjónustu undirriti yfirlýsingar um trúnað og þagnarskyldu. Gögn málsins gefa til kynna að slíkar yfirlýsingar hafi ekki verið undirritaðar innan Landssímans. Jafnframt er þörf á að tryggja að þeir starfsmenn Landssímans sem daglega starfa við grunnfjarskiptaþjónustu taki ekki þátt í fundum eða starfshópum þar sem fjallað er um GSM-rekstur Landssímans eða komi með öðrum hætti að þeim þáttum í starfsemi Landssímans sem lýtur að GSM-þjónustunni. Að breyttu breytanda á hið sama við um þá starfsmenn Landssímans sem daglega koma að GSM-þjónustunni. Með starfsmönnum sem daglega starfa við GSM- eða grunnfjarskiptaþjónustu er átt við yfirmenn viðkomandi starfsemi og aðra starfsmenn sem falið er að annast þau verkefni sem tengjast GSM- eða grunnfjarskiptaþjónustu Landssímans. Hér er því ekki átt við t.d. forstjóra Landssímans. Samkeppnisráð telur einnig nauðsynlegt að mæla fyrir um að fullt jafnræði ríki milli þeirra deilda Landssímans sem annast rekstur farsímaþjónustu og keppinauta félagsins varðandi aðgang að upplýsingum frá fjarskiptaneti Landssímans sem hafa viðskiptalega þýðingu.*“

Landssíminn skaut þessari ákvörðun samkeppnisráðs til áfrýjunarnefndar samkeppnismála og gerði þá kröfu að ákvörðunin yrði í heild sinni felld úr gildi. Í úrskurði áfrýjunarnefndarinnar nr. 11/1999, sagði um þetta atriði: „*Ljóst er af gögnum málsins að talsverð hættu er á því, þrátt fyrir nýtt skipurit Landssíma Íslands hf., sem kynnt hefur verið, að upplýsingar um viðskiptamál samkeppnisaðila geti borist mönnum innan Landssímans, er starfa við sambærileg viðskipti, og þannig spillt eðlilegu samkeppnisumhverfi. Enda þótt ekki hafi verið sýnt fram á að nein brot af því tagi hafi þegar verið framin á þessum vettvangi eru ákvæði II. töluliða ákvörðunarorða samkeppnisráðs í máli þessu eðlilegur og nauðsynlegur þáttur í þeirri viðleitni*

samkeppnisyfirvalda að skapa nægilegt traust hjá samkeppnisaðilum til þeirra starfsmanna Landssímans hf., sem þeir þurfa óhjákvæmilega að hafa samskipti við varðandi grunnfjarskiptaþjónustu. Stuðlar sú ráðstöfun um stjórnunarlegan aðskilnað, sem þar er mælt fyrir um, að bættu viðskiptaumhverfi. Samrýmast þau fyrirmæli fyllilega 17. gr. samkeppnislaga og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga, enda hafði samkeppnisráð sérstaka hliðsjón af þeirri reglu stjórnsýsluréttar þegar það tók ákvörðun um að beita eigi jafnframt fyrirmælum um fjárhagslegan aðskilnað.“ Félldst áfrýjunarnefndin þannig að öllu leyti á þau fyrirmæli til Landssímans sem áður er lýst og fram koma í II. tl. ákvörðunar ráðsins nr. 17/1999. Rétt er að taka fram að Landssíminn skaut hluta af úrskurði áfrýjunarnefndarinnar í málinu til dómstóla og er málið þar til meðferðar nú en þeim þætti málsins er laut að framangreindum fyrirmælum um trúnaðarskyldu og stjórnunarlegan aðskilnað var ekki skotið til dómstóla.

Með vísan til alls framangreinds telur samkeppnisráð engum vafa undirorpið að 17. gr. samkeppnislaga veiti heimild til að mæla fyrir um samskonar ráðstafanir til að tryggja trúnað og eðlilegt samkeppnisumhverfi vegna samskipta t.d. Internetsþjónustuaðila við Landssímamann og settar voru vegna samskipta við aðila á GSM-markaði.

Kemur þá til skoðunar hvort sama þörf sé fyrir fyrirmæli um aðskilnað milli þeirra deilda innan Landssímans sem annast grunnfjarskiptaþjónustu og þeirra deilda er annast um Internetsþjónustu. Í stuttu máli sagt verður ekki séð að neinar þær grundvallarbreytingar hafi orðið á stöðu Landssímans á markaði fyrir grunnfjarskiptaþjónustu að dragi úr þörfinni fyrir slíkan aðskilnað. Landssíminn er m.ö.o. enn óhjákvæmilegur viðskiptaaðili m.a. fyrirtækja sem selja Internetsþjónustu, í samkeppni við Símann-Internet. Þá bendir samkeppnisráð einnig á að við framangreinda rannsókn vegna kvörtunar Tals kom fram að samskonar vinnuhópar innan Landssímans, og stofnsettir voru vegna GSM-þjónustu, yrðu stofnaðir vegna Internetsþjónustu.

Í áðurnefndu bréfi Landssímans til Samkeppnisstofnunar, frá 6. mars 2001, er hins vegar upplýst að í kjölfar framangreindrar ákvörðunar vegna kvörtunar Tals, hafi allir starfsmenn Landssímans, óháð því hvort þeir störfuðu á sviði GSM-þjónustu eða annarra deilda, verið látnir undirrita trúnaðaryfirlýsingar, í samræmi við niðurstöðu ákvörðunar samkeppnisráðs í máli nr. 17/1999, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 11/1999. Með vísan til þessa og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga nr. 37/1999 telur samkeppnisráð ekki þörf á að mæla sérstaklega fyrir um umrædda skyldu þar sem henni hafi þegar verið

fullnægt af hálfu Landssímans. Komi síðar í ljós að umræddar trúnaðaryfirlýsingar séu ófullnægjandi til að tryggja hið lögmæta markmið um verndun samkeppni sem ráðstöfunin lýtur að, mun afstaða samkeppnisráðs verða tekin til endurskoðunar.

5.3.

Af hálfu Snerpu hefur verið efast um að Síminn-Internet sé látinn greiða sömu gjöld til Landssímans vegna grunnfjarskiptaþjónustu, t.d. leigulína, og annarrar aðstöðu og krafist er af keppinautum hans. Landssíminn hefur mótmælt þessu og fullyrt að í hvívetna séu heimt sömu gjöld vegna þjónustu af Símanum-Internet og af öðrum Internetsþjónustuaðilum. Hvað varðar Internetsþjónustu á breiðbandi sérstaklega hefur Landssíminn bent á að Síminn-Internet eigi sjálfur þann tæknilega búnað sem þurfi til að reka Internetsþjónustu á breiðbandi og sé hann staðsettur í Múlastöð. Af öryggisástæðum sé ekki unnt að heimila utanaðkomandi aðilum að reka sjálfir búnað í Múlastöð en Landssíminn sé reiðubúinn til að veita þá þjónustu, gegn hóflegu gjaldi.

Að sínu leyti telur samkeppnisráð rétt, vegna framangreindra umkvartana Snerpu, að áréttu, að vegna stöðu sinnar á íslenskum fjarskiptamarkaði er Landssímanum óheimilt að láta einstakar deildir innan fyrirtækisins njóta betri viðskiptakjara vegna t.d. kaupa á grunnfjarskiptaþjónustu en fyrirtækið býður keppinautum þeirra. Í því felst m.a. að gjöld vegna leigulína, vegna aðstöðu í Múlastöð eða annars staðar þar sem tæknilegur búnaður er geymdur o.fl. skulu vera þau sömu eða sambærileg gagnvart Símanum-Internet og keppinautum hans. Að mati samkeppnisráðs hefur ekkert fram komið í málinu sem gefur ástæðu til að draga í efa þær fullyrðingar Landssímans að fyllsta jafnræðis sé gætt milli keppinauta, á þann hátt sem að framan er lýst. Með vísan til þess telur samkeppnisráð ekki ástæðu til aðgerða vegna þessa þáttar málsins.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er þörf á að hafast frekar að í þessu máli.“